

Reykjavík 11.11. 2011.

**Atvinnuveganefnd Alþingis**

**Meðfylgjandi er umsögn ferðakostnaðarnefndar um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál, lið 46.**

*46. Samkomulag verði gert við samtök opinberra starfsmanna um að innleiða samgöngustyrki fyrir annan ferðamáta en akstur í samningum ríkisstarfsmanna og ríkisstofnana. Þá verði fyrirtækjum sem setja sér og fara eftir grænni samgöngustefnu umbunað með skattalegum hvata. Í þeim efnum verði horft til sambærilegra aðgerða sem gefið hafa góða raun í öðrum löndum.*

*Ábyrgð: Ferðakostnaðarnefnd.*

*Tímasetning: 2012.*

**Umsögn ferðakostnaðarnefndar um samgöngustyrki**

Ferðakostnaðarnefnd starfar á grundvelli kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar er kveðið á um að nefndin, sem skipuð er einum fulltrúa BSRB, einum fulltrúa BHM og tveimur fulltrúum fjármálaráðherra, skuli endurskoða upphæðir dagpeninga starfsmanna á ferðalögum innanlands og erlendis. Jafnframt skuli nefndin endurskoða flokkun landa eftir dvalarkostnaði svo og greiðslu fyrir afnot eigin bifreiðar starfsmanna í þágu starfsins.

Ferðakostnaðarnefnd gefur reglulega út auglýsingar um eftirfarandi viðmið fjárhæða. Í fyrsta lagi um upphæðir dagpeninga starfsmanna á ferðalögum erlendis, í öðru lagi hámarksfjárhæðir sem stuðst er við vegna útlagðs kostnaðar starfsmanna á ferðalögum innanlands og í þriðja lagi svokallað akstursgjald, þ.e. greiðslur fyrir afnot af eigin bifreiðum. Ferðakostnaðarnefnd hefur þar að auki veitt leiðbeiningar og túlkað frávik sem upp koma í tengslum við greiðslu ofangreindra viðmiða.

Við ákvarðanir um greiðslur til starfsmanna á ferðalögum og fyrir afnot af eigin bifreiðum styðst nefndin við verðkannanir, vísitölur og önnur viðmið sem endurspeglar raunverulegan kostnað starfsmanna á ferðalögum eða akstri eigin bifreiðar. Við ákvörðun um greiðslu dagpeninga er t.a.m. stuðst við verðkannanir á gistikostnaði og veitingum og við ákvörðun um akstursgjald er miðað við rekstrar- og viðhaldskostnað bifreiða.

Þar sem umboð nefndarinnar og skipun einstakra nefndarmanna tekur einungis til umræddra verkefna er vandséð að hún ákveði upphæðir styrkja fyrir annan ferðamáta (samgöngustyrki) fyrir en samkomulag við aðila vinnumarkaðarins liggur fyrir og nefndinni falið verkefnið á grundvelli samkomulagsins. Hugsanlegt er að aðrir aðilar vinnumarkaðarins en nú eiga fulltrúa í ferðakostnaðarnefnd óski eftir aðkomu að ákvörðunum um samgöngustyrki og ekki er víst að ferðakostnaðarnefnd sé best til þess fallin að ákveða viðmið við slíka styrki.

Ósennilegt er að Ferðakostnaðarnefnd geti útfært samgöngustyrki á svipuðum forsendum og hún ákveður greiðslur vegna ferðalaga og aksturs sbr. útskýringar hér að ofan. Þær greiðslur taka mið af kostnaði vegna ferðalaga og aksturs starfsmanna, en samgöngustyrkir eru hugsaðir í hvatningarskyni og jafnvel án tillits til kostnaðar vegna ferðamáta starfsmanna.

## FERÐAKOSTNAÐARNEFND

Ferðakostnaðarnefnd telur að einfaldast sé að ákveða útfærslu samgöngustyrkja með hliðsjón af öðrum styrkjum sem veittir eru starfsmönnum í hvatningarskygni, s.s. starfs- og endurmenntunarstyrkir sem veittir eru til að auka fræðslu og íþróttastyrkir sem veittir eru til heilsueflingar. Þannig mætti fela stéttarfélögum að veiti styrki á grundvelli reglna um úthlutun, t.d. endurgreiðslur á árskortum í almenningssamgöngum, reiðhjólum, gönguskóm eða öðrum búnaði.

Ferðakostnaðarnefnd gæti tekið tillit til ólíkra farkosta við ákvörðun um akstursgreiðslur þar sem miðað yrði við hærri endurgjald eftir því sem útblástur minnkaði. Ferðakostnaðarnefnd gæti jafnframt ákvarðað endurgreiðslur fyrir notkun á almenningssamgöngum svo og sérstaka styrki fyrir notkun á umhverfisvænum bílum, reiðhjólum eða öðrum umhverfisvænum farkostum. Eftirlit með slíkri notkun og greiðslu slíkra styrkja yrði hins vegar alltaf hjá vinnuveitandanum sjálfum. Umsýsla endurgreiðslna og styrkja yrði umtalsverð.

Virðingarfyllt  
f.h. ferðakostnaðarnefndar

---

Angantýr Einarsson, formaður